

## **Auka aðalfundur Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar ÆSKP**

**Þriðjudaginn 16. apríl 2019**

**Neskirkja við Hagatorg**

- Fundur settur 17.38.
- 12 viðstaddir fundinn.

Katrín Helga Ágústsdóttir er fundarstjóri.

Daníel Ágúst Gautason er ritari.

### **1. Ársreikningur, flutt af Katrínu Helgu Ágústsdóttur, gjaldkera**

Breytingar voru á ársreikningi vegna þess að upp kom að ætti eftir að borga reikninga síðan síðasta aðalfundi. Launatengd gjöld eru hærri en í fyrra, því að Jónína Sif fór í fæðingarorlof. Annar rekstrarkostnaður hækkaði vegna alþjóðlega námskeiðsins.

Við eigum um 10 milljónir inn á bankabók, en það mun aðeins halda félaginu uppi í 12 mánuði ef að við hættum að fá styrki. Þetta er grunnkostnaður upp á því að við getum rekið okkur í eitt ár.

Við fengum 9 milljónir frá Kirkjumálasjóði í styrk fyrir félaginu. Við fengum 1.5 milljón í styrk fyrir Landsmót.

Kostnaður fyrir sjöppuna á Landsmóti stendur í núlli því við erum búin að borga gróðann til Hjálparstarfs kirkjunnar.<sup>1</sup>

Landsmót var yfir 2 milljónum dýrara en í fyrra. Landsmót stóð ekki undir sér og var í 1.8 milljón í mínus með hækkuðum mótsgjöldum frá 2017.

Fjárfest var í tölvuskjá og fjarskiptabúnaði.

Ársreikningurinn er samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

### **2. Fjárhagsáætlun 2019, flutt af Katrínu Helgu Ágústsdóttur, gjaldkera**

Við sóttum um 10 milljón króna styrk frá Kirkjumálasjóði.

Aðildarfélög eru 32. Ársgjald er 25.000 kr.

---

<sup>1</sup> „Vel heppnað samstarf“, ÆSKP.is, 14. nóvember 2018, sótt 16. apríl 2019 af <http://www.aeskth.is/2018/11/14/vel-heppnad-samstaf/>.

Út frá fjárhagsáætlun erum við að horfa á rekstrartap fyrir Landmóti um tveimur milljónum, miðað við landsmótsgjald upp á 18.000 kr. Það liggur fyrir tillaga stjórnar um landsmótsgjaldið. Forsendur fjárhagsáætlunar lágu ekki fyrir þegar 18.000 kr landsmótsgjald var samþykkt á aðalfundi ÆRKP.

Inga Harðardóttir segir að passa þurfi upp á að landsmótsgjaldið sé viðráðalegt.

### **3. Breytingatillaga stjórnar vegna landsmótsgjalda, flutt af Katrínu Helgu Ágústdóttur, gjaldkera**

Stjórnin leggur til að stjórn ÆSKP, landsmótsstjórn og framkvæmdarstjóri ÆSKP ákvarði landsmótsgjöld, sem eru ávallt háð breytilegum kostnaði.

Áhersla er að rýra ekki gæði landsmóts og halda viðráðanlegum kostnaði bæði fyrir félagið og þátttakendur.

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir segir að í tillögunni fylgir að ákveðið traust þarf að bera til stjórnar og landsmótsnefndar, um að ákvörðun um landsmótsgjöld séu byggð á rökum.

Sigurður Óskar segir að aðalfundur hafi ekki forsendur til að ákvarða tölu. Á þessum tímamarki liggur ekki fyrir rútukostnaður, matarkostnaður og fleira sem er breytilegt.

Ef að mótsgjald hafði verið 18.000 kr. á Egilstöðum hefði tapið numið 4 milljónum.

Almenn umræða um málið. Kostnaður getur verið mjög breytilegur eftir fjölda, lítil þátttakamunur getur þýtt mikill kostnaðarmunur. Það er stór áhættuþáttur. Rútukostnaður er t.d. háður samfélagsaðstæðum. Rútur koma til að vera dýrari á næsta móti, sökum nýrra kjarasamninga

Helga Kolbeinsdóttir segir að atkvæðin sem að greidd voru á síðasta fundi væru líklega breytt á þessum aukafundi vegna nýrra forsenda sem að birtast með fjárhagsáætlun.

Breytingartillagan er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### **4. Önnur mál**

Engin önnur mál lögð fram.

Fundi slitið kl. 18.12.